

Nd. 676. Frumvarp til laga [83. mál]

um breyting á lögum nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsg., þannig:

Nú óskar innlánsstofnun að setja á stofn útibú eða umboðsskrifstofu, og skal hún þá sækja um leyfi til þess til Seðlabankans. Leggur hann leyfisumsókn ásamt álitinu fyrir ráðherra þann, sem fer með mál viðkomandi stofnunar, og tekur þá ráðherra ákvörðun um, hvort leyfi skuli veitt.

2. gr.

Í stað 2. til 4. málsgreinar 11. greinar laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, komi eftirfarandi málsgreinar:

Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. grein, eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum, svo sem fyrir er mælt í 3. til 5. málsgrein þessarar greinar. Megintilgangur innlánsbindingar er að afla fjár frá bankakerfinu í heild til að standa undir lánveitingum Seðlabankans innanlands, þar á meðal endurkaupum afurðavíxla.

Seðlabankinn getur ákveðið, að fyrrgreindar innlánsstofnanir skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 25% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.

Einnig getur Seðlabankinn ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem um ræðir í 3. málsgrein.

Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar samkvæmt 3. og 4. málsg., en hindiskyldan skal vera sú sama fyrir allar stofnanir.

3. gr.

Eftirfarandi viðbótarákvæði komi við 2. málsgrein 15. gr. sömu laga:

Seðlabankanum er heimilt að stofna til skuldbindinga innanlands með útgáfu verðbréfa með ákvæði þess efnis, að höfuðstóll og/eða vextir sé bundið gengi erlends gjaldeyris. Skulu slík verðbréf og vextir af þeim undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962.

4. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist:

Er honum heimilt í því sambandi að taka að sér innheimtu ávísana, sem innlánsstofnanir hafa keypt og ónóg innstæða er fyrir, og áskilja innheimtugjald frá útgefanda, samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.